

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/537**  
**komudagur 29.11.2011**

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
b/t Selmu Hafliðadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 29. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (88.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á reglum um heimild til að innheimta löggæslukostnað.*

Sú breyting sem felst í ofangreindu frumvarpi er að felld verði brott 5. mgr. 17. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, í henni er leyfisveitanda vegna tækifærisleyfa veitt heimild til að krefja leyfishafa um þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu umfram venjubundna löggæslu á sama tíma.

Viðskiptaráð tekur undir þau sjónarmið er koma fram í greinargerð með ofangreindu frumvarpi. Eitt verður yfir alla að ganga en það hefur jafnan verið mikið deiluefni hvernig löggæslukostnaður leggst á suma aðila en ekki aðra, t.d. hefur ekki verið sérstakur löggæslukostnaður vegna atburða sem eru ekki leyfisskyldir eins og bæjarhátíðir. Eins hefur ekki sama staða verið uppi í öllum landshlutum, þ.e. ekki er virðist vera til staðar samræmd áætlun um innheimtu löggæslukostnaðar.

Hins vegar verður ekki litið framhjá þeirri gagnrýni á frumvarpið er komið hefur fram í umsögnum mismunandi löggæsluaðila og sýslumannaembætta. Sá kostnaður sem fellur til við aukið eftirlit vegna skemmtana eða viðburða getur dregið verulega úr almennri löggæslu sé honum ekki mætt sérstaklega.

Núverandi fyrirkomulagi er ekki gott vinnulag og felur í sér ákveðna mismunun en mjög óheppilegt er að framkvæmd sé ekki samræmd. Eðlilegra er að það fjármagn sem þarf til aukinnar löggæslu vegna einstakra viðburða sé greitt af þeim sem að viðburðunum standa. Frekar ætti að miða að því hér að bæta þá framkvæmd sem er gölluð á álagningu kostnaðar vegna löggæslu í stað þess að leggja meira á þá löggæslu sem er til staðar án þess fjármagns sem þarf. Til að mynda mætti taka upp ákveðið lágmarksgjald sem allir sem standa að baki viðburðum sem þurfa aukna löggæslu standa straum af.

***Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga en unnið verði að því að bæta framkvæmd innheimtu löggæslukostnaðar svo jafnréttis gæti meðal aðila og hún samræmd.***

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands